

## AUGLÝSING um breytingar á vátryggingarfjárhæðum lögmæltra ökutækjatrygginga.

### 1. gr.

Samkvæmt ákvæði 5. mgr. 91. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, með síðari breytingum, er ákveðið að vátryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækis skv. 4. mgr. 91. gr. sömu laga verði 2.475 millj. kr. vegna líkamstjóns eða missis framfæranda og 414 millj. kr. vegna tjóns á munum.

### 2. gr.

Samkvæmt ákvæði 4. mgr. 92. gr. umferðarlaga, sbr. ákvæði 5. mgr. 91. gr. sömu laga, er ákveðið að vátryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns og vátryggingartaka skv. 1.-3. mgr. 92. gr. verði 186 millj. kr.

### 3. gr.

Hámark eigin áhættu vátryggingartaka skv. 2. málsl. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 392/2003, um lögmæltar ökutækjatryggingar, er 357.000 kr. fyrir einstakling og 1.784.000 kr. fyrir rekstraraðila. Hámark eigin áhættu skv. 3. málsl. 3. mgr. 4. gr. er 89.000 kr.

### 4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um breytingu á vátryggingarfjárhæðum lögmæltra ökutækjatrygginga, nr. 638 frá 19. júlí 2010.

*Efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, 23. júlí 2012.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

*Kjartan Gunnarsson.*

B-deild – Útgáfud.: 8. ágúst 2012